

Ed. 910. Frumvarp til laga [79. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. mars.)

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Tryggingaráð skipa sjö menn. Sameinað Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og fimm til vara. Þá skulu Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálþ tilnefna sinn fulltrúa hvor í tryggingaráð með málfrelsi og tillögurétti.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna.

Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.